

Starfsleyfi fyrir sorpurðun Breiðdalshrepps á Heydalamelum

Kt. 480169-0779

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði eftirtalra laga og reglugerða: lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Breiðdalshrepp, kt. 480169-0779 vegna móttöku og urðunar á almennum úrgangi á Heydalamelum. Komi nýr aðili að rekstri staðarins getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Breiðdalshreppur er hér eftir nefndur rekstraraðili.

1.2. Umfang starfseminnar

Heimilt er að urða allt að **500** tonn af almennum úrgangi á ári. Óheimilt er að taka á móti spilliefnum til förgunar. Þær tegundir úrgangs sem má urða á urðunarstaðnum eru eftirfarandi:

- Úrgangur sem flokkaður er sem hættulítill og fellur í 1., 2., 17, 19. og 20. flokk I. viðauka reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.
- Sams konar almennur úrgangur og í a-lið, en af öðrum uppruna.
- Óvirkur úrgangur, sbr. lista í viðauka II með reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs.
- Annar óvirkur úrgangur, sem uppfyllir útskolunarpróf fyrir óvirkan úrgang, sbr. viðauka II með reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs.

Þá er heimilt að jarðgera eða endurvinnna með sambærilegum hætti garðaúrgang og annan lífrænan úrgang á svæðinu.

1.3. Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal í samvinnu við sveitarstjórn upplýsa almenning um möguleika á endurnotkun og endurnýtingu úrgangs. Í samræmi við stefnu stjórnvalda skal markvisst unnið að nýtingu úrgangs, t.d. með endurnotkun eða endurnýtingu þ.e. orkuvinnslu, endurvinnslu, jarðgerð og gasvinnslu. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Undir þetta fellur t.d. lífrænn úrgangur, svo sem matarleifar, pappír, garðaúrgangur, úrgangur frá fiskvinnslu, timbur, sláturúrgangur, umbúðaúrgangur, dekk og brotamálmar.

1.4. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær.

1.5. Gangsetning/stöðvun rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að urðunarstaðurinn hafi verið tekinn í notkun aftur ef förgun úrgangs hefur legið niðri í meira en mánuð. Verði rekstri hætt varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnnum og búnaði sé fargað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila innan þriggja mánaða um ráðstafanir sem gerðar hafa verið. Vinna skal samkvæmt neyðaráætlun, sbr. ákvæði greinar 4.6, um meðhöndlun úrgangs ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri staðarins.

1.6. Lokun urðunarstaðar

Um frágang urðunarsvæðis, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi samkvæmt starfsleyfi þessu lýkur, skal fara samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs, og annarra laga og reglugerða eftir því sem við á, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Frágangur og landnotkun skal vera með þeim hætti að endanlegur frágangur falli sem best að núverandi landslagi. Ákvæði greina 2.5 og 2.6 skulu uppfyllt eftir lokun. Áætlun um endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun urðunarsvæðisins skal liggja fyrir ekki seinna en 1. júní 2007.

1.7. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd áætlun um að draga úr mengun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðun starfsleyfis sbr. 21. gr. reglugerðarinnar. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar.

1.8. Annað

Eintak af starfsleyfi þessu og uppdráttur af urðunarsvæðinu skal jafnan vera tiltækur hjá umsjónarmanni urðunarstaðarins.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

2.1. Móttaka og skráning úrgangs

Skrá skal magn og gerð úrgangs sem tekinn er til urðunar í samræmi við reglugerð nr. 184/2002. Óheimilt er að taka á móti til urðunar fljótandi úrgangi, hjólbörðum minni en 1,4 m í þvermál, brotajárni, ökutækum, spilliefnum og öðrum úrgangi sem uppfyllir ekki viðmið fyrir urðunarstaði fyrir almennan úrgang sbr. II viðauka með reglugerð nr. 738/2003.

2.2. Meðhöndlun spilliefna

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til urðunar. Í því skyni skal rekstraraðili kanna reglulega úrgangsfarma sem berast urðunarstaðnum. Spilliefni sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

2.3. Bann við brennslu úrgangs

Brennsla úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er bönnuð.

2.4. Daglegur frágangur á urðunarstað

Daglega skal þekja allan lífrænan úrgang, sem meindýr sækja í og allan úrgang sem getur fokið með þekju sem hindrar aðgang meindýra og fok. Verði vart við meindýr á borð við rottur eða fugla skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila.

Eðju sem fellur til við skólphreinsun, skal þykkja eins og kostur er áður en hún er urðuð. Sand úr sandföngum má nýta til þekju á urðunarstöðum í samræmi við leiðbeiningar eftirlitsaðila.

2.5. Endanlegur frágangur urðunarreinar

Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi eða lagi úr sambærilegu efni, minnst eins metra þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af urðunarreinunum en sigi ekki ofan í úrganginn.

2.6. Um yfirborðsvatn og grunnvatn

Urðunarstaðurinn skal þannig staðsettur og hannaður að yfirborðsvatni sé beint frá urðunarstaðnum og annað vatn safnist ekki í urðunarsvæðið. Komið skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn.

2.7. Um sigvatn

Þar sem sigvatn safnast undan urðunarstað skal það leitt um hriplag í olíu/fitugildru, setþró og malar-eða mósíu eða siturlögn eða annan jafngildan búnað.

2.8. Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá verksmiðjunni og skal hávaði vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 933/1999, um hávaða.

3. INNRA EFTIRLIT OG VÓKTUN

3.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Rekstraraðili skal taka saman og senda ársyfirlit til Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert.

- Magn og gerð úrgangs sem urðaður er.
- Úrgang sem hafnað er til urðunar, þar með talið magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Úrkomumagn á staðnum.
- Daglegt hitastig, lágmark, hámark, kl 12 á hádegi.
- Dagleg stefna og styrkur vindátta.
- Loftraki daglega kl 12 á hádegi
- Uppgufun

Þar sem upplýsingar um veðurfar liggja fyrir frá nálægri veðurstöð má styðjast við þær.

3.2. Eftirlitsmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga eftir því sem við á í yfirborðsvatni, grunnvatni, frárennsli og sigvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Rekstraraðili skal hafa samráð við eftirlitsaðila um staðsetningu og útfærslu sýnatökuaðstöðu á fyrsta starfsári starfsleyfis. Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir. Niðurstöður mengunarmælinga skal senda Umhverfisstofnun og hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd þegar þær liggja fyrir.

3.3. Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. gr. 3.1.

4. STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1. Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi sem starfsemi urðunarstaðarins veldur á umhverfið, þar með taldir starfshættir, efnisnotkun og meðferð sigvatns.

4.2. Umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

4.3. Viðbragðsáætlanir

Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar. Tryggja skal að starfsfólk hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4.4. Tilkynning vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um tilfelli þar sem hættu er á bráðamengun. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Slík atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila sem metur hvort þörf sé frekari aðgerða.

4.5. Tryggingar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem nemur allt að 1 milljón SDR, vegna bráðamengunartjóns sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

4.6. Neyðaráætlun

Útbúa skal neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði urðunarstaðarins ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri staðarins. Neyðaráætlunin skal innihald tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem urðunarstaðurinn er ekki í notkun.

4.7. Umhverfi

Halda skal athafnasvæðinu snyrtilegu. Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður, og skulu hlið vera lokað nema þegar starfsemi fer fram. Fara skal þannig með allan úrgang við flutning, endurnýtingu, förgun eða aðra meðferð að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

4.8. Samráðsfundur

Rekstraraðili skal á fjögurra ára fresti boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar á samráðsfund til að undirbúa endurskoðun starfsleyfis. Þessir aðilar geta þó boðið oftari til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um rekstur urðunarstaðarins, endurskoðun mæliáætlana, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áður nefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

4.9. Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Verði gert samkomulag um yfirtöku eftirlits samkvæmt 9. grein reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit, flyst það til viðkomandi aðila undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 3. flokk skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá eftirlitsaðila. Gjald vegna viðbótareftirlits, vegna vanefnda eða rökstuddra kvartana, greiðist sérstaklega.

6. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs, sbr. lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 1. júlí 2018. Starfsleyfi urðunarstaðarins frá 31. ágúst 2000 fellur úr gildi við gildistöku starfsleyfis þessa.

Reykjavík 12. júlí 2006

Umhverfisstofnun